

Nefndarsvið Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

29. apríl 2019

**EFNI: Umsögn frá Myndstef vegna frumvarps** til laga um sameiginlega umsýslu höfundarréttar, 799. mál.

Myndstef hefur fengið til umsagnar frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu frumvarp til laga um sameiginlega umsýslu höfundarréttar, 799. mál.

Myndstef fagnar ofangreindu frumvarpi, og þeim skrefum er frumvarpið fer í að setja skýrari reglur og viðmið um skyldur og réttindi sameiginlegra umsýslustofnanna, ríkari ábyrgðarskyldur og kröfur er varða fjárhagsstjórn og skýrslugjöf, og skýrari reglur um gagnsæi. Myndstef fagnar því frelsi sem rétthöfum er gefið með frumvarpinu, sem og ríkara aðgang rétthafa að ákvarðanatökum og leiðum að jafnræði og sanngirni. Er frumvarp þetta í takt við tíðarandann og framþróun höfundaréttar á Íslandi, frelsi höfunda og dreifingu menningar og lista almennt.

Virðingarfyllst og f.h. Myndstefs,  
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir  
Lögfræðingur Myndstefs

